


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Júlí 2025

Sala á hlut ríkisins í Íslandsbanka


Meirihluti landsmanna telur vel hafa verið staðið að útboði og sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka í vor, eða rúmlega 64% á móti tæplega 15% sem telja hafa verið illa staðið að henni. Til samanburðar töldu 6% hafa verið vel staðið að útboði og sölu á hlut ríkisins í bankanum fyrir þremur árum en ríflega 87% illa.

Hversu vel eða illa telur þú að staðið hafi verið að útboði og sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka?



Eins og fyrir þremur árum telja karlar frekar en konur að vel hafi verið staðið að útboði og sölu á hlut ríkisins í bankanum. Íbúar höfuðborgarsvæðisins telja frekar en íbúar landsbyggðarinnar að vel hafi verið staðið að sölnunni. Þau sem hafa framhalds- eða háskólapróf telja frekar að vel hafi verið staðið að sölnunni en þau sem hafa minni menntun að baki.

Þau sem kysu Viðreisn eða Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag telja helst að vel hafi verið staðið að sölnunni á meðan þau sem kysu Miðflokkinn telja helst að illa hafi verið staðið að henni. Þegar spurt var fyrir þremur árum taldi ríflega fjórðungur þeirra sem hefðu kosið Sjálfstæðisflokkinn á þeim tíma að vel hefði verið staðið að sölnunni þá, á móti um 1-6% þeirra sem hefðu kosið aðra flokka.



Spurt var:

- Hversu vel eða illa telur þú að staðið hafi verið að útboði og sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka í maí síðastliðnum?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 26. júní til 14. júlí 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.846 og þátttökuhlutfall var 45,7%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.